



Minnisblað

Dags.: 9.desember 2025

Frá: Nefnd um frístunda- og menningarmál í Grímsnes- og Grafningshreppi

Dreifing: Sveitarstjórn

Efni: Tillögur nefndar um frístunda- og menningarstarf vegna mögulegrar fram tíðaraðstöðu

Inngangur

Nefndin var skipuð af sveitarstjórn eftir umfjöllun heilsu- og tómstundafulltrúa varðandi stöðu á aðstöðu fyrir frístunda- og menningarstarfi hér í Grímsnes- og Grafningshreppi. Nefndin hefur á fundum sínum fjallað um stöðu frístunda-, menningar- og félagsaðstöðu innan sveitarfélagsins. Í kjölfar kynningar á niðurstöðum íbúakönnunar sem nefndin ákvað að gera, og með hliðsjón af umræðu nefndarinnar, var ákveðið að leggja fram sviðsmyndir sem varða mögulega framtíðarkosti fyrir uppbyggingu og eða eflingu aðstöðu til frístunda- og menningarstarfs í sveitarfélaginu.

Uppbygging nýrrar aðstöðu er ekki hugsuð sem sérstakt húsnæði í eigu einstakra félagasamtaka eða sem afhending rýma til afnota fyrir afmarkaða hópa. Markmiðið er að skapa innviði í eigu sveitarfélagsins, sem þjóna samfélaginu í heild og styrkja sameiginlega þjónustu fyrir alla aldurshópa.

Nefndin leggur áherslu á að uppbyggingin styðji við skylduræknar þjónustur sveitarfélagsins, svo sem frístundastarf barna og ungmenna, félagslega virkni og menningarstarf. Þó að sveitarfélögum sé ekki skylt að reka félagsmiðstöð eða frístundarhús í ákveðnu rekstrarformi, bera þau samkvæmt lögum ábyrgð á að stuðla að velferð og uppbyggilegu umhverfi fyrir börn, ungmenni og aldraða og skapa aðstæður sem tryggja félagslega þátttöku og heilsueflingu.

Því er litið svo á að uppbygging á fjölnota aðstöðu sé hluti af eðlilegri þróun samfélagsinnviða, fremur en sérhæfðri aðstöðu fyrir afmarkað félag. Þetta sjónarmið samræmist markmiðum sveitarfélagsins um að efla þjónustu, tryggja aðgengi allra íbúa og styðja við virkni, þátttöku og samfélagslega samheldni.



Minnisblaðið varðar yfirlit nefndarinnar yfir þá valkosti sem taldir eru raunhæfir á þessu stigi og felur í sér fyrstu tillögur til sveitarstjórnar.

Forsendur nefndarinnar

Í dag er ekki til staðar formleg og sérstök aðstaða fyrir frístundastarf eldri borgara í sveitarfélaginu. Frístundarklúbbur fyrir 10–12 ára börn deilir húsnæði með frístundaheimilinu Drekgili sem er fyrir 6 – 10 ára börn, sem skapar áskoranir bæði í rýmisnýtingu og gæðum starfseminnar. Unglingar hafa hvorki eigin félagsaðstöðu né fasta viðverustað, heldur nýta sömu aðstöðu eins og yngri hópar, sem getur dregið úr sjálfstæði þeirra og möguleikum á að þróa viðeigandi úrræði fyrir þennan aldurshóp. Félagsmiðstöðin deilir aðstöðunni með Laugarvatni og Reykholti og hefur aðeins aðgang að húsnæðinu og íþróttahúsinu þriðju hverja viku þegar skipulagt starf er á Borg, sem takmarkar tækifæri til að þróa reglulegt félagsstarf fyrir unglunga í sveitarfélaginu.

Núverandi húsnæði sem nýtt er fyrir frístundastarf er gömul húsvarðaríbúð í félagsheimilinu. Nauðsynlegt er að sífellt að endurskoða hvort sú aðstaða sem boðið er upp á sé fullnægjandi samkvæmt reglum um húsnæði fyrir frístundastarfsemi og menntun. Við mat á núverandi aðstöðu þarf að taka mið af þáttum eins og brunavörnum, neyðarútgöngum, loftræstingu, aðgengi og rýmiskröfum fyrir fjölda þátttakenda.



Félagsaðstaða eða fjölnotarými– mikilvægt aðgreiningaratriði

Nefndin telur mikilvægt að greina á milli eftirfarandi tegunda rýma þegar horft er til framtíðarskipulags:

Félagsaðstaða	Fjölnotarými
Rými sem félagasamtök eða starfshópar hafa fastan og óheftan aðgang að	Rými sem er bókanlegt eftir þörfum, t.d. fyrir fundi, fyrirlestra, námskeið eða viðburði.
Hentar til daglegrar starfsemi, samveru, námskeiða, æfinga eða reglulegrar afþreyingar.	Hefur formlegra hlutverk og er nýtt af breiðari hópi aðila innan samfélagsins.
Mikilvægt að rýmið sé skilgreint sem „heimavöllur“ þeirra sem þar starfa og sé tiltækt án þess að þurfa stöðugar bókanir.	Rýmið er aðgengilegt öllum samkvæmt samkomulagi með takmörkunum.
T.d. aðstaða eldri borgara, félagsaðstaða unglinga, opið rými fyrir barnastarf, klúbba eða áhugahópa	T.d. félagsheimili, fundarherbergi, kennslurými, sundlaug eða fjölnota salur

Þessi tvískipting er nauðsynleg því hún hefur bein áhrif á:

- Hönnun og búnaðarþarfir
- Rekstur, rekstrarkostnað og ferli í bókun aðstöðu.
- Aðgengi mismunandi aldurshópa

Nefndin lagði til íbúakönnun í júní 2025 til að fá vísbendingar um þarfir og sjónarmið íbúa. Svarhlutfall og þátttaka var þó því miður lág og aldursdreifing einhæf. Þó að niðurstöðurnar séu ekki tölfræðilega marktækar, telst könnunin gefa vísbendingar um þarfir og sjónarmið íbúa. Nefndin telur að framtíðarlausn þurfi báðar tegundir rýma, en í að félagsaðstaða fyrir unglinga og eldri borgara sé brýnust til að uppfylla þau markmið sem fram koma í könnunni en þar bendir til:

- Aukinnar þörf fyrir fjölbreytt tómstundastarf fyrir börn og ungmenni.



- Ákalls eftir list-, menningar- og skapandi aðstöðu.
- Þörf fyrir félagsaðstöðu eldri borgara.
- Að bætt eða fjölbreyttari íþróttaaðstaða sé eftirsóknarverð.

Nefndin ræddi eftirfarandi sviðsmyndir með það að markmiði að meta möguleg skref sveitarfélagsins í uppbyggingu nýrrar aðstöðu.

Sviðsmyndir um uppbyggingu

Sviðsmynd 1: Uppbygging á nýju húsnæði sem myndi þjóna tilgangi mögulegrar menningarmiðstöðvar

Í þessari sviðsmynd væri ráðist í uppbyggingu á nýju húsnæði í eigu sveitarfélagsins sem þjónar sem menningarmiðstöð og fjölnota samfélagsaðstaða. Slík bygging gæti sameinað félagsstarf, frístundastarf barna og ungmenna, menningarstarf, námskeið, viðburði og bókanleg félagsaðstaða á einum stað.

Við val á staðsetningu þyrfti að horfa sérstaklega til þess að húsið væri í eða við þéttbýliskjarna sveitarfélagsins, með góðu aðgengi fyrir alla aldurshópa. Mikilvægt er talið að byggingin sé staðsett í nálægð við íþróttamiðstöð og skóla, þar sem slíkt skapar heildstæða þjónustu, eykur hagkvæmni í rekstri og stuðlar að samlegðaráhrifum milli mismunandi þátta samfélagsstarfs.

Kostir:

- Húsnæði hannað frá upphafi til að mæta þörfum menningar-, frístunda- og félagsstarfs.
- Sveitarfélagið á eignina sjálft, sem styrkir innviði til langs tíma.
- Staðsetning við skóla og íþróttamiðstöð skapar miðlægan samfélagsvettvang og aukna nýtingu.
- Mögulegt að hanna sveigjanleg rými sem nýtast mismunandi aldurshópum og starfsemi.

Gallar / áskoranir:

- Mikill stofnkostnaður og langtímafjárfesting.
- Tími til undirbúnings, hönnunar og framkvæmda getur verið langur.
- Þörf á nákvæmri þarfagreiningu og kostnaðarmati áður en ákvörðun er tekin.



Mat nefndar:

Nefndin telur þennan kost veita lausn sem uppfyllir heildarþarfir samfélagsins til framtíðar. Uppbygging nýrrar menningarmiðstöðvar tryggir sterka innviði og sveigjanleg rými sem geta stutt við frístundastarf, félagsstarf, menningarviðburði og skapandi starfsemi á einum stað. Þessi sviðsmynd er álitleg sem langtímalausn, að því gefnu að fjárhagslegt rými og framkvæmdaáætlun séu vel rædd og metin. Það ber að nefna að hár stofnkostnaður við slíka framkvæmd og þyrfti að vera gerð nánari þarfagreining og kostnaðarmat.

Sviðsmynd 2: Kaup á húsnæðiskosti við Borg

Í þessari sviðsmynd er lagt til að sveitarfélagið kanni markvisst hvaða húsnæðiskostur er í boði á eða við Borg sem gæti hýst fjölbreytta félags-, frístunda- og menningarstarfsemi. Húsnæði yrði keypt og aðlagð að þörfum ólíkra aldurshópa og mismunandi félagsstarfs.

Við mat á húsnæðiskosti þyrfti að horfa til þess að rýmið geti gegnt bæði hlutverki félagsaðstöðu, þar sem hópar hafa fastan og reglulegan aðgang en einnig fjölnotarými, sem þjónar fundum, námskeiðum og viðburðum eftir þörfum. Þannig yrði húsnæðið hluti af innviðauppbbyggingu sveitarfélagsins og styddi við skylduræknar þjónustur á borð við frístunda- og félagsstarf.

Húsnæði þyrfti að uppfylla ákveðin skilyrði sem varða:

- Stærð og sveigjanleika rýma (félagsrými, vinnustofur, bókanleg kennslu-/fundarými),
- Staðsetningu í nánd við þjónustukjarna, félagsheimili og íþróttamiðstöð,
- Aðgengismál fyrir alla,

Með því að kaupa húsnæði gæti sveitarfélagið byggt upp sterka langtímalausn þar sem mismunandi starfsemi getur þróast og vaxið eftir þörfum samfélagsins.

Kostir:

- Tryggir langtímaeign sveitarfélagsins og fjárfestingu í samfélagsinnviðum sem geta þjónað ólíkum hópum til framtíðar.
- Nálægt núverandi þjónustukjarna, félagsheimili og íþróttaaðstöðu, sem skapar samlegð og eykur nýtingu.
- Hentar vel fyrir blöndu af félagsaðstöðu (óheftur aðgangur fyrir ákveðna hópa) og fjölnota rými.



- Mögulegt að samnýta búnað og þjónustu við önnur mannvirki.

Gallar / áskoranir:

- Kaup og mögulegar endurbætur geta verið kostnaðarsamar og taka tíma í framkvæmd.
- Óvissa um húsnæðisframboð og hvort tiltækt húsnæði henti án umfangsmikilla breytinga.
- Húsnæði sem ekki er hannað fyrir frístundastarf gæti krafist aðlögunar til að tryggja öryggi og aðgengi fyrir alla.

Mat nefndar:

Nefndin telur að þessi sviðsmynd geti verið álitlegur langtímakostur ef hentugt húsnæði reynist tiltækt og breytingaþörf er hófleg. Kosturinn fellur vel að markmiðum sveitarfélagsins um að byggja upp fjölnota samfélagsaðstöðu í eigu þess sjálfs, og gæti með réttri aðlögun tekið vel við þeirri félags-, menningar- og frístundastarfsemi sem nú vantar húsnæði fyrir.

Samnýting við núverandi innviði á Borg gæti auk þess skapað hagkvæmni í rekstri, aukið líf á svæðinu og styrkt þjónustukjarna sveitarfélagsins.

Sviðsmynd 3: Nýting á húsnæði sem er nú þegar til staðar í sveitarfélaginu

Í þessari sviðsmynd skoðaði nefndin þá möguleika sem til eru í sveitarfélaginu.

1. Félagsheimilið Borg – laust eftir kl. 16:00 á skóladögum

Hentar vel sem:

- bókanlegt rými fyrir námskeið, fundi og viðburði.
- frístundastarf sem fer fram síðdegis þar sem lítil þörf er á viðbótarbúnaði eins og t.d. list- og menningarviðburði, skákæfingar, píluæfingar og kóræfingar.

2. Fundarherbergi félagsheimilisins

Hentar vel sem:

- funda, kennslu- og fræðslurými,
- bókanlegt rými undir fundi félagasamtaka, fjarfundabúnaður ofl.

3. Íþróttamiðstöðin – samkvæmt samkomulagi



Hentar vel fyrir:

- íþrótt- og hreyfistarf barna og ungmenna,
- opna tíma eða skipulagt frístundastarf í samvinnu við þjálfara,
- hópeflisstarf og fjölskylduviðburði.

4. Bókasafnið

Hentar vel sem:

- Sterkur menningar- og fræðsluvettvangur í samfélaginu.
- Hentar einstaklega vel fyrir fræðslustarf, rólegar samverustundir og skapandi vinnu.
- Mögulegt að nýta sem viðbótarstarfsvettvang fyrir eldri borgara og ungmenni.
- Hægt að nýta til rólegs fræðslu- og menningarstarfs, tungumálakennslu, smærri viðburða, lestarklúbba, rithópa, ungmennahópa og foreldramorgna

Möguleg húsnæði innan sveitarfélagsins (í eigu annarra aðila)

5. Vigdísarhús, Sesseljuhús og bíosalur á Sólheimum

Hentar til:

- fræðslufunda, list- og skapandi námskeiða,
- menningarviðburða, smærri tónleika og bíósýninga,
- samstarfsverkefna milli sveitarfélags og Sólheima.

5. Matsalur á Minni-Borg

Hentar til:

- stærri funda, fræðsludaga og samfélagsviðburða,
- fjölskyldudaga eða sameiginlegra íbúaviðburða.

7. Funda- og veislusalir á Hótel Grímsborgum, Hótel Íon og Hótel Brú

Hentar til:

- stórra funda, málþinga, ráðstefna og viðburða sem krefjast vandaðrar aðstöðu, samstarfsverkefna, fyrirlestra eða menningarviðburða sem krefjast hágæða sals.



Allir þessir valkostir hafa hins vegar takmarkanir eins og t.d. aðgengi og aðstöðugjöld ráðast af samningum við aðila og eru ekki hentugir fyrir reglubundna daglega félagsaðstöðu eða starfsemi. Listinn yfir mögulegt húsnæði í sveitarfélaginu er ekki tæmandi.

Mat nefndar

Nefndin telur að leiga á húsnæði sé **raunhæf tímabundin lausn** til að bregðast við brýnum þörfum samfélagsins meðan unnið er að langtímaákvörðun. Hún getur hentað vel til að bregðast við auknum þörfum um fjölnotarými og ákveðin námskeið.

Hins vegar uppfyllir þessi sviðsmynd ekki þær kröfur sem gerðar eru til varanlegrar félagsaðstöðu fyrir börn, ungmenni og eldri borgara og nær ekki að skapa þann stöðugleika sem þarf til að byggja upp sterka og sjálfbæra frístunda- og menningarmiðstöð.

Sviðsmyndin er því metin sem bráðabirgðalausn eða viðbótarlausn, en ekki langtímalausn.

Mat nefndar:

Hentugt sem bráðabirgðalausn eða milliáfangalausn á meðan unnið er að stærri framkvæmd. Handhægur kostur til að bregðast hratt við þörf fyrir félagsaðstöðu.



Heildarniðurstaða nefndarinnar

Til viðbótar við það sem komið hefur fram var rætt um möguleika á viðbyggingu við íþróttamiðstöðina, þar sem stækkun á anddyri gæti skapað varanlega félagsaðstöðu. Nefndin taldi þó að þessi leið mætti ekki nægilega sterkum rökum sem langtímalausn, meðal annars vegna kostnaðar og takmarkana á rýmisskipulagi.

Nefndin vill jafnframt árétta að miklar vendingar eru í húsnæðismálum sveitarfélagsins um þessar mundir og að fjárfestingar í nýjum mannvirkjum eru verulega kostnaðarsamar í núverandi aðstæðum. Af þeim sökum er sérstaklega mikilvægt að sveitarfélagið stígi varlega til jarðar, meti allar framkvæmdir af kostgæfni og tryggi að langtímalausnir séu bæði fjárhagslega og rekstrarlega raunhæfar.

Með hliðsjón af þessu hvetur nefndin félagasamtök og aðra starfsaðila til að nýta þau rými sem þegar eru til staðar til að efla starfsemi sína eftir fremsta megni. Hins vegar telur nefndin jafnframt nauðsynlegt að skoða hvaða úrbætur eða viðbætur gætu gert núverandi rými þjónustuhæfari, svo sem:

- aukið geymslupláss,
- skipulag og aðgengi að salernum,
- betri lýsingu eða hljóðvist,
- aukinn búnað fyrir frístundastarf,
- eða aðrar breytingar sem styrkja notagildi rýmanna.

Þessar athuganir gætu skapað hagkvæmar úrbætur til skemmri tíma á meðan unnið er áfram að langtímaákvörðunum.

Nefndin telur að hvorki bygging við íþróttamiðstöðina né leigulausnir einar og sér fullnægi þeim framtíðarsýn sem samhljóða hefur komið fram um að skapa öfluga og varanlega aðstöðu fyrir frístunda-, félags- og menningarstarf í sveitarfélaginu.

Nefndin telur að **sviðsmyndir 1 og 2** bjóði upp á traustari og sjálfbærari langtímalausnir og leggur til að sveitarfélagið haldi áfram með ítarlegt mat á þeim kostum. **Sviðsmynd 3** er talin henta sem tímabundin eða bráðabirgðalausn meðan hinar sviðsmyndirnar eru metnar betur.